

um í Reykjavík, með því að barnsfaðirinn átti þar síðast heima, og meðlags-
hæðin er ákveðin í samræmi við meðalmeðlag þar sem barnið dvelur, á tjeður 21. júní 41
meðlagsúrskurður sem lögum samkvæmur í alla staði að vera óraskaður.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari
birtingar fyrir hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps og annist þjer um endur-
greiðslu hins umkrafða meðlags.

Meðlagsúrskurðurinn er sendur borgarstjóra.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um 42
breyting á sóknaskipun. 27. ágúst

Samkvæmt beiðni ábúenda jarðanna Stóra-Hofs og Minna-Hofs í Hrepp-
hólasókn í Árneprófastsdæmi og samkvæmt samþykki safnaðarfunda og hjer-
aðsfundar, veitir ráðuneytið hjermeð eftir tillögum yðar, háæruverðugi herra,
í brjefi dags. 31. f. m., leyfi til að ofanefndar jarðir Stóra-Hof og Minna-Hof
í Hrepphólasókn megi framvegis teljast til Stóranúpssóknar í sama prófasts-
dæmi, með því skilyrði, að Stóranúpskirkja greiði Hrepphólakirkju 650 kr. í
eitt skifti fyrir öll um leið og breytingin kemst á.

AUGLÝSING

um

**skilyrði fyrir leyfi til verslunarrekstrar samkvæmt 3. gr. laga
nr. 52, 27. júní 1925.**

43

31. desbr.
1925

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til
verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það
síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim
verslunarleyfi, sem tvisvar hafa orðið gjaldþrota, nema komist hafi á lög-
legir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenn-
ingsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun